

Verkefni:	Undirbúningsfundur fyrir tónleika í Hörpu.
Dagsetning fundar:	25. ágúst 2015.
Tímasetning fundar:	kl. 18:00.
Fundarstaður:	Fóstbræðraheimilið, Langholtsvegi 109.

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	mætt
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	mætt
Kolbrún Halldórsdóttir	ritari	mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	fjarverandi
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	mætt

Fulltrúar kóra:

Guðrún Guðmundsdóttir, Kvennakór Suðurnesja
Heiða Gunnarsdóttir, Kvennakór Garðabæjar
Margrét Milla Sigurjónsdóttir, Kvennakór Garðabæjar
Arndís Baldursdóttir, Kvennakórinn Ymur
Jóna Björg Kristinsdóttir, Kvennakórinn Ymur
Ágota Joó, Kvennakór Reykjavíkur
Erna Guðmundsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar
Fjola Sigrún Sigurðardóttir, Kvennakór Hafnafjarðar
Margrét Bóasdóttir, Kvennakór Háskóla Íslands
Steinunn Guðný Ágústsdóttir, Kvennakór Háskóla Íslands
Stella Óladóttir, Vox Feminae
Margrét Pálmadóttir, Vox Feminae, Cantabile
Jóhanna Marína Baldursdóttir, Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur
Gísli Magna, Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur
Laufey Ósk Magnúsdóttir, Jórúkkórinn (Skype)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**Kvennakóratónleikar í Hörpu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.**

Fundurinn byrjaði á almennum umræðum um tónleikana. Tíu kórar hafa staðfest þátttöku og sá ellefti, Freyjukórinn, er að skoða málið.

Tónleikarnir verða í Eldborg í Hörpu, 19. nóvember 2015 kl. 20:00.

Hugmyndin er að kórarinnar leggi fram lög sem þeir hafa sungið, kórar séu paraðir saman 2-3 og syngi saman og svo allur hópurinn.

Vinnuhópur verði stofnaður til að skipuleggja tónleikana og að verkefnastjóri verði ráðinn til að halda utan um verkefnið.

Kvennakór Garðabæjar finnst tímasetningin ekki nógu góð, þær nefna að það gæti verið erfitt að koma kórunum saman til æfinga þegar jólatónleikar kóranna eru handan við hornið.

Margrét Bóasdóttir spurði um fjölda þátttakenda, þeir eru um 430 og einhverjir kórar eiga jafnvel eftir að bætast við. Það þarf því að skipuleggja inn- og útgöngur vel.

Margrét Pálmadóttir nefnir að við þurfum að ákveða hvers konar tónleikar þetta eiga að vera - skemmti, krefjandi?

Almennar umræður spruttu svo um lagaval, ein hugmynd kom upp um að fá lista frá Tónverkamiðstöð yfir lög sem hafa verið samin eða útsett af konum. Fundarmenn eru samt ekkert fastir á því að öll lög eigi að vera eftir konur, frekar að þau séu lýsandi fyrir konur og taki til þeirra á einhvern hátt.

Önnur hugmynd var að heiðra Jórunni Viðar, í ár eru 70 ár síðan hún kom heim til Íslands. Spurt var um jólalög. Fundarmenn voru almennt á því að sleppa þeim.

Stungið var upp á mörgum lögum; landsmótslög, lög Gígjunnar, Breyttur söngur, Vor í garði, lagið sem Gísli samdi fyrir Léttisveitina, Spinna Minni, Konur, Kúlan eftir Stefán Þorleifs stjórnanda Jórukórsins o.fl.

Mikilvægur punktur að allir kórar séu að græða eitthvað á því að æfa lög sem þau myndu kannski ekki æfa annars.

Kórarnir myndu senda inn lög sem þau hafa æft og jafnvel lög sem þá langar að æfa en hafa kannski ekki haft burði til.

Vinnuhópurinn mun hittast og ræða og ákveða hvaða lög verða sungin og hvernig er best að raða kórunum saman.

Eftirfarandi buðu sig fram til að starfa í vinnuhópnum:

Ingibjörg Guðjónsdóttir (Kvennakór Garðabæjar), Margrét Pálmadóttir (Vox feminae, Cantabile), Ágota Joó (Kvennakór Reykjavíkur), Gísli Magna (Léttisveit Reykjavíkur), Margrét Bóasdóttir (Kvennakór Háskóla Íslands) og Dagbjört Ottósdóttir fyrir hönd stjórnar Gígjunnar.

Umræður voru um miðasölu, fundurinn var á því að þátttökukórar yrðu skyldaðir til að selja ákveðinn fjölda miða á hverja konu. Stefnt er að því að miðaverð verði 3-5 þúsund

Það þarf að gera kostnaðaráætlun, vinnuhópurinn mun vinna hana ásamt verkefnastjóra og mun Dagbjört hafa yfirumsjón með því. Einn styrkur hefur borist frá undirbúningsnefnd að upphæð 250 þúsund krónur, stjórn Gígjunnar mun sækja um fleiri styrki alls staðar þar sem þeim dettur í hug.

Umræður voru um hver ætti að fá ágóðann ef einhver yrði, fundurinn var sammála að hann ætti að renna til Gígjunnar til styrktar kvennakórarstarfi á Íslandi.

Margrét Bóasdóttir stakk uppá að það væri líka hægt að láta Tónverkamiðstöð fá ágóðann til að nota við útgáfu á tónlist fyrir kvennakóra.

Upp kom sú hugmynd að biðja Rósu Kristínu Benediktsdóttur, formann Kvennakórs Reykjavíkur að taka að sér verkefnastjórn. Hún hefur reynslu af því að skipuleggja svo stóra tónleika þar sem hún var í undirbúningsnefnd vegna 20 ára afmælistónleika Kvennakórs Reykjavíkur í Eldborg í Hörpu 2012. Haft verður samband við hana og henni boðið starfið. Ef

hún vill það ekki þá komu upp nöfn Stellu í Vox feminae eða Rögnu í Kvennakór Reykjavíkur.

Umræður um nafn á tónleikum: Gamalt nafn á konu, fyrsta kona sem steig á Ísland, Auður .. Lífandi vatn – vinnuhópurinn finnur út úr því.

Samið hefur verið við Báru Grímsdóttur um að semja lag sem kórarnir geta sungið saman. Aðalheiður las upp tillögu að ljóði sem Bára er byrjuð að vinna með. Ljóðið fékk frekar dræmar undirtektir fundarins.

Hvað með kórstjóra?

Hver á að stjórna kórunum?

Fundurinn var sammála um að kórstjórar hópanna myndu gera samkomulag sín á milli með það.

Ákveðið var að facebook yrði helsta samskiptatólið, stofnaður verður hópur fyrir vinnuhópinn þar, þar sem hann getur kastað fram hugmyndum og átt samskipti. Dagbjört stofnar hann. Póstlisti fyrir tillögur að lögum verði búinn til. Á honum eru eingöngu kórstjórar og formenn þeirra kóra sem taka þátt. Aðalheiður sér um það.

Í lokin var tekin mynd af fundarmönnum.



Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum og fundi slitið.

Ritari fundargerðar: Kolbrún Halldórsdóttir.